



Stærðfræði 4. bekkur 2024-2025

Í stærðfræði verður unnið eftir hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá fyrir 1. – 4. bekk. Áhersla er lögð á :

- Hnitakerfið
- Tölur stærri en 1000 og minni en 0
- Samlagning og frádráttur
- Tími og klukkan
- Margföldun og deiling
- Samhverfa og mynstur
- Ummál og flatarmál
- Mælingar og tugabrot
- Almenn brot
- Reikningur
- Tölfræði

Kennsluaðferðir

Stærðfræðikennslan fer oftast fram í stöðvavinnu. Nemendum er skipt upp í fjóra hópa. Í hverri viku eru skipulagðar 2-3 ólíkar stöðvar og vinna nemendur ákveðin verkefni í 25 til 30 mín. í senn. Annars vegar er unnið í hefðbundinni bókavinnu og hins vegar í fjölbreytilegum verkefnum. Dæmi um stöðvaverkefni eru spil, mælingar, þrautir, leikir, gagnvirkar æfingar í tölvu og unnið í kennsluforritum.

Námsefni og gögn

Sproti 4a – nemendahefti, Sproti 4b – nemendahefti, Sproti - æfingahefti 4a, Sproti - æfingahefti 4b, Stærðfræði spæjarar, rafrænt efni, kennsluforrit, spil, leikir, þrautir og fjölbreytt verkefni úr ýmsum áttum.

Námsmat

Áhersla er lögð á leiðsagnarmat, þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg. Smærri kaflakannanir eru teknar í lok efnispáttá yfir veturinn. Auk þess eru lögð fyrir stærri próf í lok hvorrar annar. Hæfni er færð inn í hæfnikort nemenda.

Kennarar– Berglind Snorradóttir og Lára Eymundsdóttir